



Kennarar:	Birna Sigurkarlsdóttir	Sk.st	BS
------------------	-------------------------------	--------------	-----------

Áfangalýsing:

Félagsfræðiáfangi sem byggir á fyrri námi nemenda í grunnskóla og einnig nýtist FÉLA1SA05 í FSu. Lögð er áhersla á að kynna nemendum félagsfræði og önnur félagsvísindi sem fræðigreinar. Meginmarkmið áfangans er að nemendur átti sig á því hvernig samfélagið hefur áhrif á þá og hvernig þeir geta haft áhrif á samfélagið. Lögð er áhersla á að nemendur skilji umhverfi sitt og verði færir um að taka virkan þátt í samfélagslegri umræðu og mynda sér skoðun á meðvitaðan og gagnrýninn hátt.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Viðfangsefnum og hugtökum félagsfræðinnar sem tengjast námsefninu, t.d. kenningum og félagsfræðilegu sjónarhorni.
- helstu aðferðum félagsfræðinnar við rannsóknir.
- tengdum greinum eins og mannfræði, sálfræði, sagnfræði, þjóðfélagsfræði og stjórn málafræði.
- þeim félagslegu stofnunum sem hafa áhrif á líf hans, til dæmis: fjölskyldan, trúarbrögð, efnahagskerfið, stjórnkerfi, fjölmiðlar og samfélagsmiðlar.
- hvernig hann getur haft áhrif á félagslegar stofnanir.
- hvað félagsmótun er og dæmi um hvernig hún virkar.
- réttindum og skyldum hans gagnvart samfélaginu.
- hugtakinu félagsleg sjálfbærni.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita algengustu hugtökum félagsvísinda á skýran og skilmerkilegan hátt.
- afla fjölbreyttra gagna.
- vinna með gögn og skila frá sér á skýrslum og verkefnum á vel uppsettu formi, t.d. í Word.
- vinna sjálfstætt og gagnrýnið með efni áfangans.
- lesa og skilja umfjöllun um félagsfræðileg málefni.
- nýta samfélagsmiðla á ábyrgan hátt.
- geta beitt öguðum vinnubrögðum, tekið ábyrgð á eigin námi og unnið í samvinnu við aðra.
- geta tjáð sig í ræðu og riti um samfélagsleg málefni.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta tekið þátt í umræðum um samfélagsleg málefni og myndað sér skoðanir sem byggjast á gagnrýnni hugsun.
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér þær.
- nota „Netið“ til að afla sér þekkingar um félagsfræðileg viðfangsefni.
- tjá sig skipulega og gagnrýnið um samfélagsleg álitamál.
- geta sett sig í spor annarra.
- beita félagsfræðilegri sýn á samfélagið.
- vinna verkefni í Word og skila af sér með rétt uppsettum hætti, þ.e. með blaðsíðutali, efnisyfirliti og heimildaskrá.

Námsefni: Félagsfræði 1, Einstaklingur og samfélag eftir Garðar Gíslason. 2010



FÉLA2AF05

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr.	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1	20. – 23. ágúst	Kynning á áfanganum – skipulag.	Hvað er félagsfræði? 6%
2	26. – 30. Ágúst	Félagsfræði og skyldar greinar Vinnulag.	Vinnustofa 5 %
3-4	2. – 13. Sept	Aðferðafræði, skoðanakönnun.	Skoðanakönnun. 12%
5-7	16. sept – 4. Okt	Einstaklingur og samfélag Samfélagsmiðlar	Myndbandsverkefni. 12%
8-10	7. – 25. Okt	Menning og trú. Mismunandi trúarbrögð og tenging við gerð samfélaga.	Vinnustofa 5%
11	28. okt – 1. Nóv	Gagnapróf. 15%	Gagnapróf. 15%
12	4. – 8. Nóv	Fjölskyldan og sambúðarform.	Vinnustofa. 5%
13	11. – 15. Nóv	Hóppróf 10%	Vinnustofa 5%
14-15	18. – 29. Nóv	Lokaverkefni - kynning	Verkefni 25%
16	2. – 6. Des	Upprifjun á efni.	Hóppróf/verkefni. 10%

Sérreglur áfangans:

Gerð er krafa um 90% skilaskyldu verkefna. Þeir sem skila ekki 90% fá aldrei meira en 4 í einkunn.

Mætingarskylda er í samræmi við reglur skólans.

Farsímar eru leyfðir án hljóðs og leikja, eingöngu til náms, í samráði við kennara.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Vinnustofur og verkefni	Átta einstaklings/hópverkefni.	75%
Próf	Gagnapróf og hóppróf.	25%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Birna Sigurkarlsdóttir: birna@fsu.is